

Nd. **522. Breytingartillaga** [206. mál]
við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 14. gr. A, svohljóðandi:

Forsætisráðherra skal vera þjóðkjörinn. Kjörgengur er hver sá maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis.

Forsætisráðherra skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Frambjóðandi skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Kjósa skal í tveimur umferðum, ef nauðsyn krefur, og skulu tvær vikur líða í milli. Sá er réttkjörinn, er einfaldan meiri hluta hlýtur í fyrri umferð. Nái enginn frambjóðenda slíkum meiri hluta skal í síðari umferð kosið milli þeirra tveggja, er flest atkvæði hlutu í fyrri umferð. Sá þeirra er þá réttkjörinn forsætisráðherra, er fleiri atkvæði hlýtur. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann réttkjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal um framboð og kjör forsætisráðherra ákveðið með lögum.